

STARFSREGLUR

fyrir undanþágunefnd.

1. gr.

Almennt um nefndina.

Nefndin heitir undanþágunefnd og heyrir stjórnarfarslega beint undir samgönguráðherra.

Undanþágunefnd heldur gerðarbók um störf sín.

Ákvarðanir nefndarinnar skulu vera skriflegar.

2. gr.

Umsóknir um undanþágur.

Umsóknir um undanþágur skv. 4.—8. gr. skulu sendar Siglingamálastofnun ríkisins á sérstökum eyðublöðum sem fást á aðalskrifstofu og umdæmisskrifstofum Siglingamálastofnunar og hjá lögskráningaraðilum. Umsóknum skal fylgja undanþágugjald ásamt öllum þeim upplýsingum sem óskað er á eyðublöðunum. Þegar óskað er undanþágu til starfs, sem auglýsa ber í fjölmiðlum, skal jafnframt fylgja fullnægjandi sönnun þess að starfið hafi verið auglýst, svo sem kvittun fyrir greiðslu auglýsingar eða ljósrit af auglýsingu.

3. gr.

Störf skipstjóra.

Undanþágur til skipstjórastarfa má veita án undangenginnar auglýsingar í slysa- og veikindatilfellum eða til afleysinga í allt að einn mánuð í senn og þá til 1. stýrimanns viðkomandi skips.

Ef skortur er á mönnum með nægileg skipstjóraréttindi er heimilt að veita skipstjórum undanþágu í allt að 6 mánuði í senn, enda fullnægi þeir eftirtöldum skilyrðum eftir því sem við á:

- (a) Sé skipið stærra en 200 rúmlestir, þá hafi þeir 200 rúmlesta skipstjóraréttindi og hafi starfað sem skipstjórar í a. m. k. 50 mán. þar af a. m. k. 12 mán. á viðkomandi skipi, nema um sé að ræða endurnýjun á skipi í eigu sömu útgerðar, enda sé krafist sömu réttinda á hið nýja skip.
- (b) Sé skipið 100 rúmlestir eða minna þá hafi þeir a. m. k. 30 rúmlesta réttindi og hafi starfað sem skipstjórar í a. m. k. 80 mán. þar af a. m. k. 40 mán. á viðkomandi skipi, nema um sé að ræða endurnýjun á skipi í eigu sömu útgerðar, enda sé krafist sömu réttinda á hið nýja skip.

4. gr.

Störf yfirvélstjóra.

Undanþágur til yfirvélstjórastarfa má veita án undangenginnar auglýsingar í slysa- og veikindatilfellum eða til afleysinga í allt að einn mánuð í senn og þá til 1. vélstjóra eða vélavárðar viðkomandi skips, enda hafi vélavörðurinn réttindi og a. m. k. 6 mán. starfstíma á viðkomandi skipi.

Ef skortur er á mönnum með nægileg vélstjóraréttindi er heimilt að veita vélstjórum undanþágu í allt að 6 mánuði í senn enda fullnægi þeir a. m. k. öðru eftirtalinna skilyrða:

- (a) Hafi lokið námi til viðkomandi réttinda og a. m. k. helmingi af skilgreindum siglingatíma til viðkomandi réttinda.
- (b) Hafi næsta stig vélstjóraréttinda fyrir neðan þau sem þarf á viðkomandi skip og hafi starfað a. m. k. 50 mán. sem yfirvélstjóri, þar af í 12 mán. á viðkomandi skipi, nema um sé að ræða endurnýjun á skipi í eigu sömu útgerðar, enda sé krafist sömu réttinda á hið nýja skip.

5. gr.

Störf stýrimanna.

Undanþágur til stýrimannastarfa má veita án undangenginnar auglýsingar í slysa- og veikindatilfellum eða til afleysinga í allt að einn mánuð í senn og þá til stýrimanns, sem hefur a. m. k. næsta réttindastig fyrir neðan þau réttindi sem þarf.

Ef skortur er á réttindamönnum með nægileg stýrimannsréttindi er heimilt að veita stýrimönnum undanþágu í allt að 6 mánuði í senn, enda fullnægi þeir a. m. k. öðru eftirfarandi skilyrða:

- (a) hafi lokið námi til viðkomandi réttinda en vanti siglingatíma eða
- (b) hafi næsta stig stýrimannsréttinda neðan við þau sem þarf á viðkomandi skip (30—80—200) og hafi starfað í a. m. k. 40 mán. sem stýrimenn skv. undanþágu.

6. gr.

Störf undirvélstjóra.

Undanþágur til undirvélstjórarstarfa má veita án undangenginnar auglýsingar í slysa- og veikindatilfellum eða til afleysinga í allt að einn mánuð í senn, og þá til manna með einhver vélstjóra- eða vélvarðaréttindi.

Ef skortur er á mönnum með nægileg vélstjóraréttindi er heimilt að veita vélstjórum undanþágu til starfa í allt að 6 mánuði í senn, enda fullnægi þeir a. m. k. einu eftirfarandi skilyrða:

- (a) hafi lokið námi til viðkomandi réttinda og a. m. k. fjórðungi af skilgreindum siglingatíma sé um 1. vélstjóra að ræða.
- (b) hafi næsta réttindastig vélstjóra fyrir neðan viðkomandi réttindi eða
- (c) hafi starfað sem vélstjóri skv. undanþágu í a. m. k. 80 mán.

7. gr.

Störf vélavaraða.

Ef skortur er á réttindamönnum er heimilt að veita manni sem starfað hefur í a. m. k. 16 mán. á undanþágu sem vélstjóri eða vélavörður, undanþágu til vélavaraðastarfa í allt að 6 mán. í senn, þó samkvæmt eftirfarandi takmörkunum:

- (a) Mönnum sem fæddir eru eftir 1960 skal ekki veitt undanþága nema í veikinda- og slysatilfellum eða afleysingum og þá í 1 mán. í senn.
- (b) Frá 1. september 1988 verður mönnum, sem uppfylla áður nefnd skilyrði, en eru fæddir eftir 1955 ekki veitt undanþága nema í veikinda- og slysatilfellum eða til afleysinga og þá í 1 mán. í senn.

8. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru skv. lögum nr. 112/1984 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum og lögum nr. 113/1984 um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavaraða á íslenskum skipum öðlast gildi 1. janúar 1988 og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Fram að þeim tíma er heimilt að framlengja undanþágur til skipstjórnarmanna, vélstjóra og vélavaraða sem veittar hafa verið hingað til án sérstakra skilyrða.

Samgönguráðuneytið, 23. mars 1987.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.